

Kljástrandarverslunin

Með bréfi dagsettu 3. okt. 1893 veitti Benedikt Sveinsson sýslumaður Þórði Gunnarssyni í Höfða leyfi til sveitaverslunar.¹ Þótt leyfið væri á nafni Þórðar voru bræður hans Baldvin og Björn fullir þátttakendur í þeim rekstri. Fyrir ráku þessir þrír bræður sameiginlega búskap og útgerð. Verslunin varð þriðja stoðin undir fyrirtæki þeirra og átti eftir að vaxa verulega næstu tvo áratugi eða svo.

Einhverjum kann að þykja undarlegt að pöntunarstjórar Kaupfélagsins skyldu fara að reka verslun í eigin nafni og hafa þannig viðskipti af félaginu. Það mun þó allt hafa verið í góðu samkomulagi. Í það minnsta héldu kaupfélagsmenn áfram að kjósa Baldvin formann sinn næstu ár. Trúlega hefur þetta verið beggja hagar. Sumt af vörunum, sem selt var á Kljáströnd, var fengið frá Kaupfélagi Svalbarðseyrar. Og vafalítið hefur Kljástrandarverslunin getað bjargað einhverjum sem gleymdu að panta eitthvað bráðnauðsynlegt eða fengu ekki það sem beðið var um því stundum misfórust vörur á leiðinni yfir hafið.

Þótt ekki hafi verið nema tæpir þrír mánuðir eftir af árinu þegar verslunarleyfið kom voru viðskiptamenn og fyrirtæki orðin fleiri en 50 talsins um áramót.

Þannig var uppgjör fyrsta ársins:

Eignir

Vöruleifar við árslok	kr. 60,16
19 sauðir	171,00
5 lambsskinn	3,00
Fiskur í salti	1.349,54
Áhöld	39,00
Útistandandi skuldir hjá 35 reikningum	207,26
Peningar í sjóði	9,92
<u>Skuld í árslok</u>	<u>404,90</u>
Samtals kr.	2.244,90

Skuldir

Skuld við Zöllner	kr. 1.067,03
Do við pön.d. Höfðhverfinga	18,94
Do við okkur bræður þrjá	492,84
Do við 16 reikningsmenn	157,52
<u>Innanlandskostnaður óborgaður</u>	<u>508,45</u>
Samt. kr.	2.244,90

Höfða, 19. janúar 1894

Þ. Gunnarsson, B.B. Gunnarsson, B. Gunnarsson

Þarna má sjá að Kljástrandarverslun hefur fengið innfluttar vörur sínar frá sama aðila og Kaupfélagið; Louis Zöllner í Newcastle.

Sauðir og saltfiskur á eignareikningi eru þannig til komin að um haustið keyptu bræður 20 sauði og seldu þá á fæti árið eftir með 71,86 kr. hagnaði. Einn drapst. Um haustið keyptu þeir líka 45.534 pund af blautfiski fyrir 1.349,54 kr. og seldu með 161,33 kr. hagnaði 1894.

¹ Björn Ingólfsson 2002:46.

Þetta haust var aðeins upptaktur. Verslunin fór vel af stað fyrsta heila árið og meira en tvöfaldaðist á næsta ári. Á fjórða ári hafði verslunin fimmfaldast og heildarveltan sjöfaldast. Þannig var útkoman fyrstu 10 árin:

	Verslun ársins	Velta ársins
1894	6.827,45	14.404,71
1895	15.662,33	38.051,68
1896	26.240,08	70.153,54
1897	35.727,31	100.829,72
1898	33.684,74	109.983,43
1899	42.616,21	117.484,72
1900	46.938,29	139.452,58
1901	66.947,87	
1902	73.502,41	179.986,50
1903	75.279,63	185.312,64

Svo til allar útlendar vörur voru fengnar beint frá Zöllner. Á tímabili um aldamótin var verslunin komin í miklar skuldir við hann. Tveimur árum seinna var skuldin komin í viðunandi horf og Zöllner gat andað léttara.²

Lítills háttar af vörum kom frá Konráð Hjálmarssyni í Mjóafirði. Þaðan komu til dæmis leikföng. Og eitthvað fékk verslunin af vörum frá Kaupfélagi Svalbarðsstrandar sem áður var getið.

Vöruúrval í Kljástrandarverslun hefur verið talsvert gott. Í verðlista verslunarinnar yfir útlendar vörur á fyrstu árum hennar, 1893-1895, eru þessir vöruflokkar skráðir:

Melís, kaffí, export, florumél, rúgur, bankabygg, overhead mél, hrísgrjón, kartöflumél, fikjur, rúsinur, súkkulaði, sveskjur, biscuit í kössum, kex, skonrok, kringlur, kandís, púðursykur, brjóstsýkur, epli.
Sóða, saltpétur, allehaande, negull, múskathnetur, kanel, kúmen, sítronolía, cardemommur, vínsýra, stangasápa, grænsápa, steinolía, maskínulía, feitisverta, höfuðvatn..
Skraa, ról [almennt kallað rjól en þannig skrifað í verslunarbækurnar], munntóbak, sígarar.

Steikarföt, diskar, skálar, bollapör, vatnsföt, vatnskönnur, náttpottar, mjólkurkönnur. Fiskiburstar, vasahnífar, skæri, skegghnífar, vinklar, sirkar, hjólsveifar, handaxir, þjalir, sporjárn, hólkjárn, rennijárn, hülljárn, hefiltannir, beikishnífar, lyklahringar, höfuðprjónar, bandprjónar, saumnálar, stoppnálar.
Kíkirar, pípur, hárgreiður, hárkústar, eldspýtur, spil, blekbyttur, blýantar, pennar, pennasköft, nokkrar gerðir af pappír, umslög,

Sirz, stumpasirz, klæði, boldang, molskinn, nankin, stót, teppisver, flónil, tvisttau, bómullarvatt, dowles, strigi, fataefni, jersytau, fóðurtau, fatatau, kamgarn, hörtvinni, tvinni, silkitvinni, beinatölur, glertölur, nikkeltölur, vestistölar, treyjutölur, 6 gerðir borðdúka og 16 tegundir af sjölum, axlabönd, vasaklútar, handklæði, skóleður.

Boltar, gúmmileikföng, flautur, lúðrar, apar, vagnar, vagnar með hestum, járnbrautarvagnar, menn að berja sér, lömb, hús, dúkkur, dúkkur sitjandi í stól, hesthús, leikföng, fuglar, bardagamenn.³

Ekki er vitað nákvæmlega hvernig fyrsta verslunarhúsnæðið var nema hvað það var byggt niðri á Kljáströnd í september 1893 á hefðbundinn hátt úr torfi og grjóti. Þann 7. september voru þrír og fjórir menn að hlaða veggina, daginn eftir komust þeir langt

² Helgi Skúli Kjartansson 1986:12.

³ *Reikningabók fyrir verslun Höfðabræðra á Kljáströnd 1893 til* [1906]

með að þekja búðina og á þriðja degi var lokið við torfverkið og einungis eftir að búa um dyrnar.

Þann 1. febrúar 1895 greinir dagbókin frá því að brotist hafi verið inn í húsið á Kljástönd og stolið 12 kr. virði. Daginn eftir stendur þetta: „Við B.br. fórum úti höfða til að follow the trail of the thieves that stole on Kljáströnd.“

Þarna hefur Þórður verið að æfa sig að orða hlutina á ensku eins og stundum bregður fyrir í dagbókinni á þessum árum. En ekki er þess getið að þjófaleitin hafi borið árangur. Líklega hafa þeir týnt slóðinni.

Árið 1895 var hafist handa um að byggja nýtt verslunar- og íbúðarhús á Kljáströnd. Kjallarinn var hlaðinn um vorið en húsið að öðru leyti reist á rúmum mánuði um haustið. Þetta var mikið hús, 10 x 15 álnir að grunnfleti, tvær hæðir úr timbri ofan á kjallaranum. Lokið var við að þilja búðina í nýja húsinu 7. október. Nokkrum dögum seinna kom fullt af nýjum vörum og var mikil ös í búðinni dag eftir dag.⁴

Þegar fór að vora komu aftur vörur frá Zöllner og dálítið frá Konráð í Mjóafirði og var nóg að gera dagana á eftir:

28. mars. Piltar komu innanað kl. 7 í morgun. Við fórum vestur, bárum af og settum bátinn.

29. mars. Pálmasunnudagur. Við vorum mörg vestur á Kljáströnd að raða til í búðinni og setja verð á.

30. mars. Við ætlum að opna búð í dag og búumst við nórrí ös. Fjarska mikil ös í dag, allt austurlendingar.

31. mars. Mikil aðsókn að Kljáströnd í dag, mest af vesturlandi.

Ekki var allt dans á rósum og aðföng voru oft erfið þegar þurfti að sækja allar vörur til Akureyrar, berjast við ís eða storm og koma vörunum á land þar sem engin bryggja var og landing gat orðið erfið. Þetta skráði Þórður í október 1896:

Föstudagur 9. Um hádegi fórum við að reyna til að koma nótabátnum fram úr bótinni; við vorum í 2 kl. að bera hann á stöfnum og komum honum loks út með miklum vaðli. Í rökkri fórum við Björn, Baldi, Þorsteinn, Jón og læknirinn af stað inn á Akureyri til að sækja vörur sem komu með Vestu. Komum til Akureyrar eptir háttatíma, lentum í lagís óræðum á pollinum, og ís annað slagið inneptir.

Laugardagur 10. Sunnan andi og frost. Keyptum 4 menn með 2 sleða til að aka vörunum út á Oddeyri, var ákaflega erfitt, komumst af stað um háttatíma, fengum sunnan hægán en undirkviku norðan töluverða. Komum að Kljáströnd kl. 1 um nóttina og vorum í 3 kl. að koma upp úr bátnum, blautir upp í mitti; misstum eitt fat af exporti í sjóinn en náðum því lítið skemmdu. Ég hef aldrei verið í öðru eins í kaupstaðarferð.

Verslunin varð talsvert umfangsmikil þegar mest var. Hún náði til viðskiptamanna í Grýtubakkahreppi allt út í Fjörður, fram í Fnjóskadal, af Vesturlandinu frá Möðruvallaplássi til Dalvíkur og út í Hrísey og Grímsey. Menn greiddu úttekt sína með peningum eða afurðum s.s. fiski eða sauðum, ull, lýsi, rjúpum eða prjónlesi.

Ekki er skilgreint í bókinni hvaða þyngdareining er notuð á fiskinn. Fiskur var veginn í pundum eða skippundum. Þetta munu því vera pund.

Skýrsla um útfluttar vörur frá Kljástrandarverslun 1905.⁵

33.238 Málfiskur verkaður kr. 6.607,00

⁴ *Dagbók Þórðar í Höfða.*

⁵ *Reikningabók fyrir verslun Höfðabræðra á Kljáströnd 1893 til [1906]*

24.671	Undirmál	--	4.440,00
43.201	Ýsa	--	6.480,00
1.492	Keila & upsi		210,00
15 str.	Síld söltuð		195,00
20 tn.	Þorskalýsi		500,00
101	Sauður		1.700,00
800	Rjúpur		200,00
4.100 p.	Ull hvít		3.800,00
397 p.	Do mislit		270,00
16 pör	Heilsokkar		11,00
222 -	Hálfsokkar		122,00
50 -	Vettlingar		20,00
370 st.	Sauðargæurur		1.110,00
76 -	Lambskinn		23,00
40 p.	Æðardúnn		480,00
	Peningar		2.600,00
			<hr/>
Samtals kr.			28.768,00

Þetta ár, 1905, flutti Kljástrandarverslun út lifandi sauði í síðasta sinn. Næsta haust keypti verslunin fé á Látraströnd og víðar, að minnsta kosti 400 fjár, sem slátrað var á blóðvelli og saltað niður í tunnur.⁶ Flestu hefur líklega verið slátrað 1910 ef marka má dagbókina, rúmlega 700 fjár.

Allt þetta kjöt hefur verið flutt út enda var þá markaður fyrir íslenskt saltkjöt að glæðast eftir mörg döpur ár. Var það að þakka átaki kaupfélaganna sem miðaði að því að selja aðeins kjöt af úrvalsfé. Aður hafði besta kjötið verið selt á fæti en saltað það sem ekki gekk út.⁷

Ljóst er að mikið bras við að kaupa fé, slátra og salta hefur ekki gefið af sér það sem þurfti því eftir 1910 er aldrei bókað neitt um slátrun.

Þegar stríðið skall á 1914 varð erfiðara um aðdrætti og um það er því lauk var verslunin orðin lítilfjörleg. Síðasta höfuðbók verslunarinnar, sem byrjar 1920, sýnir að þá hafi 44 einstaklingar ennþá verið með viðskipti. Annars vegar voru það útvegsmenn á Grenivík og Látraströnd, sem hafa lagt inn fisk og e.t.v. tekið út steinolíufat eða kaðalspotta, hins vegar fólk sem bjó þarna sunnan undir Höfðanum og vann við útgerðina eða búið. Það hefur getað fengið lítilsháttar af matvöru og tóbaki og þess háttar og hjá sumum virðist heimilisreksturinn hafa farið að meira eða minna leyti í gegnum verslunina.

Dæmi um þetta er Guðjón Eiríksson á Brautarhóli. Árið 1920 tók hann út strausykur, rúgmél, steinolíu, kex, netagarn, reyktóbak, munntóbak, flórmél, 3 djúpa diska, kaffi, export, smérliki og kúmen. Verslunin greiddi fyrir hann 6 kr. í þinggjald og 8 kr. útsvar, lét hann hafa peninga og greiddi skuldir hans við Sparisjóðinn og Baldvin Ólafsson. Móti þessu fékk hann 1.020 kr. í sumarlaun og stóð uppi með 586,65 kr. skuld í árslok.⁸

⁶ *Dagbók Þórðar í Höfða* okt. 1906.

⁷ Jónas Þorbergsson 1926:8-9.

⁸ *Höfuðbók A fyrir Verslun Höfðabræðra 1920*.